

9. gr.

113

8. sept.

Nákvæmari reglur um notkun sjóðsins hefir sýslunefnd Strandasýslu heimild til að setja, hvenær sem henni þykir þörf á vera, einungis að þær komi ekki í bága við ákvæði þau, sem hjer eru sett.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 340,52 — þrjúhundruð og fjörutíu krónur, 52 aurar.

Reykjavík 6. ágúst 1917.

Guðjón Guðlaugsson. Vilhj. Ingvarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð hjónanna 114

Önnu Guðmundsdóttur og Guðmundar Pjeturssonar«, útgefin á venjulegan hátt 4. nóv. ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 4. nóvember 1918. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir minningarsjóð hjónanna Önnu Guðmundsdóttur og Guðmundar Pjeturssonar.

(Stofnaður árið 1914).

1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Minningarsjóður Önnu Guðmundsdóttur og Guðmundar Pjeturssonar«. Heimili hans og varnarþing skal ávalt vera á Blönduósi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að efla og styðja allskonar búnaðarframkvæmdir á jörðinni Holti, svo sem til er tekið í 5. gr., og skal veita fjeur honum samkvæmt 3. gr., þó eingöngu ábúanda eða ábúendum tjeðrar jarðar, eftir tiltölu ábúðar þeirra og landsnyttja, með skilyrðum þeim, er segir í 5. gr.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er 500 — fimm hundruð — krónur, sem ávaxta skal með 4% ársvöxtum eða venjulegum sparissjóðsvöxtum, er árlega leggist við höfudstólinn, uns hann gefur 100 — eitt hundruð — króna árlega vexti, og skal þá verja vöxtum þessum til umbóta á jörðinni Holti 7 árin af hverjum 10 árum. Vöxtum 2ja ára skal varið til tryggingar gegn hverjum þeim harðindum, sem fyrir kunna að koma af völdum náttúrunnar, og skal því fje, sem ekki þarf á

- 114** að halda í þessu skyni, yfir hvert 10 ára bil, varið til þess að mynda nokkurs
 4. nív. konar forðabúr til bjargar búpeningi þessarar jarðar í langvarandi harðindum.
 Vexti hvert tíunda ár skal ávalt leggja við höfuðstólinn.

4. gr.

Umsjón með sjóði þessum hefir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, og skal hún sjá um að fje hans sje ávaxtað í sparisjóði Húnavatnssýslu eða öðrum tryggilegum sjóði og aldrei meira fje úr honum varið árlega, en til er tekið í 3. gr.

Umsjón með sjóðnum annast sýslunefndin án ómakslauna, þar til sjóðurinn er orðinn 5000 krónur. Eftir það fái sýslunefndin fyrir umsjón sína $\frac{1}{2}\%$ af upphæð sjóðsins, þó aldrei yfir 50 krónur.

5. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu úr sjóði þessum samkvæmt 3. gr. eru þau, að unnið sje af ábúendum jarðarinnar Holts til umbóta þeirri jörð í anda og stefnu þeirri, er hjer greinir: Grasrækt, þar með talin túnasljettun, túnútgræðsla, lokræsing og góð áburðarhirðing, með safnhúsbyggingu, mótekju og kolakaupum, svo eigi þurfi neitt af húsdýraáburði að nota til eldneytis. Engjabætur: Svo sem vatnsræsla, áveita, varsla og grjóthreinsun, þar sem Laxá hefir borið mól á engið. Girðingar á landi jarðarinnar, garðrækt alls konar og skógræktartilraunir. Vatnsleiðsla í íbúðarhús, peningshús og sáðgarða. Fjárborgir og hagagarðar til skjóls búpeningi, og yfir höfuð hver sú nýung í búnaði, er reynsla fæst fyrir að arðvænleg sje. Nær og þetta framangreinda einnig til þess, þótt nýbýli yrði reist í landi jarðarinnar.

Þannig samþykkt af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu í samráði við ábúendur Holts og erfingja gefandans, Guðmundar Pjeturssonar.

Skrifstofu Húnavatnssýslu 30. apríl 1918

Ari Arnalds.

- 115** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Magnúsar
 4. nív. Andrjessonar og Sigríðar Pjetursdóttur, hjóna á Gilsbakka«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands, 4. nóvember 1918.
 Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir minningarsjóð Magnúsar Andrjessonar og Sigríðar Pjetursdóttur, hjóna á Gilsbakka í Hvitársiðu.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 26. maí 1918 af íbúum alls Gilsbakkaprestakalls